

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Skýrsla nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins

Menntamálaráðuneytið
Apríl 1999

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Útdráttur	5
Inngangur	6
Staðan um þessar mundir	6
Málþingið Upplýsingar á Interneti	7
Þarfir bókasafna	9
Áhugaverð gagnasöfn	10
Íslensk gagnasöfn:	10
Fengur	10
Gagnasafn Morgunblaðsins - http://www.mbl.is/gagnasafn/	10
Gegnir/Greinir - telnet://saga.rhi.hi.is	10
Lagasafnið - http://www.althingi.is/~wwwadm/lagas.html	11
Skrár Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði - http://www.isafjordur.is/bokasafn/mm.htm	11
Upplýsingaheimar - http://www.netheimar.is/uh/	11
Úrlausn-Aðgengi ehf. - http://www.adgengi.is/	11
Erlend gagnasöfn:	11
ABI/Inform Research	11
ASFA: Aquatic Sciences & Fisheries Abstracts	12
Biological Abstracts, Biosis	12
CAB Abstracts	12
CINAHL	12
Computer Science Collection	13
Encyclopædia Britannica: EB	13
ERIC: Educational Research Information Center	13
FSTA: Food Science and Technology Abstracts	13
INSPEC	14
MEDLINE	14
NTIS: National Technical Information Service	14
PAIS: Public Affairs Information Service	14
PsychINFO: Psychological Abstracts	14
Web of Science	15
Helstu birgjar	17
OVID Technologies, Inc. - http://www.ovid.com/	17
SilverPlatter Information BV - http://www.silverplatter.com/	17
Institute for Scientific Information, ISI - http://www.isinet.com	17
Encyclopædia Britannica - http://www.eb.com.uk	18
Cambridge Scientific Abstracts, CSA - http://www.csa.com	18
Engineering Information Village, Ei Village - http://www.ei.org/	18
UMI Databases og ProQuest Databases - http://www.umi.com	19
Upplýsingamarkaðurinn og bókasöfnin	20
Verkefni og verkefnisstjórn	20
Starfssvið verktaka	22
Samningagerð og kostnaður	22
Kostnaðaráætlun	25
Lokaorð	27
Viðaukar	28
Viðauki 1: Birgjar og gagnasöfn. Fyrsti, annar og þriðji áfangi	28
Viðauki 2: Staðan á Norðurlöndunum	29
Danmörk	29
Samstarfsaðilar	29
Verkefni	30

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Helstu kröfur og forsendur.....	30
Undirbúningur og gerð leyfissamninga	30
Fyrirmynd að samningum vegna þjóðarleyfa og samtakasamninga	31
Samningsumsjón og mat.....	31
Tilhögun	31
Finland.....	32
Verkefni stjórnunarhóps	32
Fjárveitingar:	33
Útvegum á efni - vinnuhópar	33
Noregur.....	34
Svíþjóð.....	35
Vinnan við val gagnasafna og framkvæmd landssamninga.....	35
Heimildir viðauka:.....	37

Útdráttur

Vorið 1998 skipaði menntamálaráðherra nefnd um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum. Nefndarmenn voru fjórir. Í skýrslu þessari er skýrt frá störfum og niðurstöðum nefndarinnar. Nefndin kannaði áhuga bókavarda á rannsókn- og sérfræðibókasöfnum og almennings- og skólábókasöfnum á að sameinast um samning á landsvísu um aðgang að gagnasöfnum. Kannað var hversu mörg gagnasöfn þyrfti að semja um og hver kostnaðurinn væri við slíkar áskriftir. Nefndin gerði verðkönnun og kynnti sér einnig þjónustu og vöruframboð nokkurra birgja. Eftir að hafa skoðað gagnasöfn og verðupplýsingar birgja er ljóst að mikill hagur er í því að semja á landsvísu. Birgjar vilja semja sérstaklega við einkafyrirtæki. Nefndarmenn funduðu með fulltrúum hliðstæðra nefnda á Norðurlöndunum þar sem Norðurlandabúar eru að vinna við samskonar verkefni. Ýmislegt er hægt að gera í samvinnu við þá og læra af reynslu þeirra.

Nefndin leggur til að áskriftum að gagnasöfnum verði forgangsraðað í þrjá flokka og samið um áskriftir í þremur áföngum. Heildarkostnaður við þessa þrjá áfanga gæti orðið um það bil kr. 50 millj. Í fyrsta áfanga er lagt til að samið verði um áskriftir að gagnasöfnum sem samkvæmt þarfagreiningu voru mikilvægust og ná jafnframt yfir flest fræðasvið. Í öðrum áfanga leggur nefndin til að reynt verði að ná hagstæðum samningum um dýr gagnasöfn sem nýtast þröngum hópi, t.d. í læknávisindum og raungreinum. Einnig verði í þessum áfanga könnuð þörf bókasafna fyrir aðgang að rafrænum tímaritum og samið um hann á landsvísu. Í þriðja áfanga er lagt til að samið verði um áskriftir að gagnasöfnum sem minni þörf er fyrir. Nefndin leggur til að kostnaður við fyrsta áfanga kr. 10,8 millj. verði fjármagnaður með fjárveitingum frá hinu opinbera í þrjú ár. Í áfanga tvö er lagt til að þátttökusöfnin greiði afnotagjald að upphæð kr. 7 millj. en hið opinbera greiði kostnað við samningagerð og framkvæmdir. Þriðji áfangi er framtíðarverkefni sem þarf að skoða nánar en lauslega áætlaður kostnaður við hann er um kr. 10 millj.

Lagt er til að stofnað verði til tímabundins verkefnis um framkvæmdina, t.d. til 3ja ára, en að þeim tíma liðnum verði málið endurskoðað. Nefndin leggur til að framkvæmdin verði í höndum verktaka og verkefnisstjórnar sem menntamálaráðherra skipar. Verkefni verkefnisstjórnar og verktaka verða m.a. þarfagreining, val á gagnasöfnum, samningagerð, markaðsfærsla, kynningarstarf og þjónusta við notendur.

Aðgengi að gagnasöfnunum verður um Netið þar sem aðgengi að því er til staðar, að öðrum kosti verði samið um kaup á geisladiskum. Samningagerðin þarf að vera í höndum sérfræðinga og við aðkeypta lögfræðiaðstoð verði lögð áhersla á að njóta þjónustu lögfræðinga sem hafa sérhæft sig á þessu sviði. Nauðsynlegt er að skilgreindar verði helstu kröfur og forsendur íslensku bókasafnanna og hafinn undirbúningur að gerð leyfissamninga hið fyrsta. Stöðugt eftirlit skal haft með framkvæmd samninganna og þeir metnir m.t.t. reynslu og breyttra aðstæðna. Lagt er til að verkefnisstjórn skili að loknu þriggja ára tímabili skýrslu til menntamálaráðuneytisins þar sem fram kemur hvernig gagnasöfnin hafi nýst og hvort verkefnið hafi skilað tilskildum árangri.

Inngangur

Þann 12. maí 1998 skipaði menntamálaráðherra með bréfi nefnd um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum. Formaður nefndarinnar var Sólveig Þorsteinsdóttir yfirbókasafnsfræðingur, tilnefnd af Ríkisspítölunum, en aðrir í nefndinni voru Jón Þór Þórhallsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, Andrea Jóhannsdóttir forstöðumaður, tilnefnd af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni og Sigrún Magnúsdóttir yfirbókavörður, tilnefnd af Félagi bókavarda í rannsóknabókasöfnum.

Samkvæmt erindisbréfi er nefndinni "ætlað að gera yfirlit yfir þau gagnasöfn sem æskilegt væri að semja um aðgang að ásamt greinargerð um tæknilegar útfærslur varðandi tengingar við viðkomandi gagnasöfn. Þá leggi nefndin fram tillögur um hvernig staðið skuli að samningagerð og geri nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem búast má við að verði samfara samningunum. Nefndin skal einnig leggja fram tillögur um með hvaða hætti mætti standa að sameiginlegri fjármögnun þeirra aðila sem þörf hafa fyrir aðgang að gagnasöfnum. Skal stefnt að því að nýta það fjármagn sem þegar er notað til áskrifta á hagkvæmari hátt. Markmið nefndarinnar er að aðgangur að umræddum gagnasöfnum verði sem víðtækastur og nýtist sem flestum."

Nefndin hefur haldið 14 fundi, þar af einn á Akureyri og þrjú fjarfundi, auk þess sem víðtækt samráð hefur verið haft við bókaverði bæði á rannsókn- og sérfræðibókasöfnum og á almennings- og skólabókasöfnum landsins. Haldnir hafa verið tveir fundir með fulltrúum allra safnategunda til þess að kanna þarfir þeirra og áhuga á gagnasöfnum. Auk þess stóð nefndin fyrir kynningum á Britannica Online og gagnasöfnum Cambridge Scientific Abstracts (CSA) fyrir sömu aðila. Ljóst er að mikill áhugi er fyrir þessum gagnasöfnum því um áttatíu gestir sóttu kynningarnar. Tveir nefndarmanna, Sólveig Þorsteinsdóttir og Sigrún Magnúsdóttir, sóttu í desember 1998 ráðstefnuna og sölusýninguna Online Information 98 í London. Þar áttu þær fundi með fjölmörgum umboðsaðilum og seljendum gagnasafna, sem nánar verður greint frá annars staðar í skýrslu þessari. Andrea Jóhannsdóttir kynnti starf nefndarinnar á ráðstefnu NVBF, samtaka norrænna rannsókn- og sérfræðibókasafna, í Stokkhólmi, auk þess sem hún hefur setið tvo fundi með óformlegum samráðshópi norrænna bókavarda sem vinna að landssamningum um aðgang að gagnasöfnum í sínum löndum. Sólveig og Sigrún hafa einnig setið einn fund með þeim hópi í London.

Staðan um þessar mundir

Hröð þróun upplýsingatækni á undanförunum árum hefur valdið miklum breytingum á starfsumhverfi bókasafna. Hún hefur skapað þeim ýmis tækifæri til aukinnar fjölbreytni og þróunar þjónustu en jafnframt má sjá teikn á lofti sem gefa þarf gaum. Bókaverðir íslenskra rannsókn- og sérfræðibókasafna hafa um nokkurt skeið lagt á ráðin um með hvaða hætti megi tryggja íslensku mennta-, fræða- og rannsóknasamfélagi aðgang að nauðsynlegum gagnasöfnum á rafrænu formi samkvæmt kröfu tímans. Hér er átt við gagnasöfn sem eru aðgengileg annaðhvort af geisladiskum á staðarneti eða af Netinu,

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Þannig að hver og einn geti leitað frá sinni starfsstöð. Við fyrstu sýn gæti svo virst sem hér væri ekki vandamál á ferðinni, tæknin er til staðar og því ekkert því til fyrirstöðu að taka hana í þjónustu sína enda eru Íslendingar hátæknivædd þjóð sem vill standa jafnfætis öðrum þjóðum á sem flestum sviðum. Vandinn, sem við er að etja, er hins vegar það háa verð sem greiða þarf fyrir aðgang að þeim gagnasöfnum sem æskilegt og jafnvel nauðsynlegt er að geta boðið aðgang að.

Í yfirmarkmiði Framtíðarsýnar ríkisstjórnar Íslands um upplýsingaþjóðfélagið segir:

Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bættis mannlífs og aukinnar hagsældar.

Heimild: Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, 1996, bls. 15

Ein af forsendum þess að Íslendingar geti náð ofangreindu markmiði er að þeim verði tryggður aðgangur að bókfræðilegum gagnasöfnum á rafrænu formi, en það hefur bókasöfnum landsins reynst erfitt. Meginástæða þess er sú að þau fræðasvið sem stunduð eru á landinu eru fjölbreytt og er því þörf á fjölbreyttu úrvali gagnasafna sem hvert um sig er aðeins notað af fáum aðilum samanborið við það sem gerist meðal fjölmennari þjóða. Aðgangur að gagnasöfnum hefur einnig reynst bókasöfnunum svo dýr að segja má að hann sé þeim flestum ef ekki öllum um megn. Bókaverðir, sem hafa um nokkurt skeið fylgst með þróun þessara mála, óttast að samkeppnisstöðu þjóðarinnar sé ógnað og að framþróun í vísindum og tækni verði ekki sem skyldi ef íslenskir vísinda- og fræðimenn svo og nemendur og kennarar í skólum landsins hafa ekki sama aðgang að upplýsingalindum samtímans og starfsbræður þeirra meðal annarra þjóða. Með öðrum orðum gæti, ef svo fer fram sem horfir, Íslendingum verið skipað í sess með vanþróuðum þjóðum heims, sem ekki hafa bolmagn til að njóta þess sem upplýsingasamfélagið hefur að bjóða, þó ekki sakir fátæktar heldur vegna smæðar þjóðarinnar.

Málþingið Upplýsingar á Interneti

Haustið 1997 var haldið málþing undir yfirskriftinni Upplýsingar á Interneti - málþing um aðgang atvinnulífs og vísindasamfélags að upplýsingum. Að málþinginu stóðu Félag bókavarda í rannsóknabókasöfnum og Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Málþingið var vel sótt og til þess voru boðaðir sérstaklega aðilar úr stjórnkerfinu, menntakerfinu, atvinnulífinu og rannsókn- og vísindasamfélaginu á landinu. Tilgangurinn með því að efna til umræðu um þessi mál var að fá fram hver þörf íslensks samfélags væri fyrir aðgang að upplýsingum úr gagnasöfnum. Til að kynna hvað gert hefur verið erlendis á þessu sviði var dr. Leslie Campbell Rampey frá Georgíufylki í Bandaríkjunum boðið að kynna [GALILEO](http://galileo.gsu.edu/Homepage.cgi) (<http://galileo.gsu.edu/Homepage.cgi>) sem er skammstöfun á Georgia Library Learning Online. GALILEO er samstarfsverkefni bókasafna í Georgíufylki um aðgang allra íbúa fylkisins að gagnasöfnum. Frumkvæðið kom frá nefnd um upplýsingamál í háskólasamfélagi Georgíufylkis, sem fékk árið 1995 styrk til að vinna að verkefni sem kallað var *A Vision for One Statewide Library*. Markmið verkefnisins var að leggja áherslu á að nota upplýsingatækni á sem hagkvæmastan hátt til að tengja bókasöfn og stofnanir þannig að sameiginlega mætti nýta

gagnasöfn til að efla menntun, vísindi og rannsóknir í ríkinu. Leiðir að þessu markmiði voru m.a. þær að koma á samstarfi og samráði í samningum við framleiðendur, útgefendur og seljendur gagnasafna og upplýsingabanka svo að ná mætti hagkvæmari áskriftaskilmálum en orðið hefði ef hvert og eitt bókasafn hefði samið fyrir sig.

Til undirbúnings málþinginu var að frumkvæði nokkurra bókavarda ákveðið að gera könnun á því hvaða tilvísanarit og gagnasöfn íslensk bókasöfn keyptu og í hvaða formi þau væru, þ.e. prentuðu eða rafrænu. Einnig var kannað hvort áhugi væri fyrir því að vera með í sameiginlegum kaupum á áskriftum að gagnasöfnum í rafrænu formi þar sem ljóst þótti að það gæti verið hagkvæmt fyrir bókasöfn til tryggja þannig aðgang að fjölbreyttum gagnasöfnum. Spurningablöð voru send til allra stærstu rannsókn- og sérfræðibókasafnanna, en einnig til stærstu almennings- og framhaldsskólasafnanna, auk nokkurra valinna fyrirtækja og stofnana, þó að ekki væru starfandi þar bókasafnsfræðingar eða þar rekin sérstök bókasöfn. Að tilskildum tíma liðnum var hringt í þá sem ekki höfðu skilað í fyrstu umferð og náðust þannig upplýsingar frá 50 bókasöfnum, þ.e. 7 háskólabókasöfnum, 32 sérfræðibókasöfnum, 7 almenningsbókasöfnum og 4 bókasöfnum framhaldsskóla.

Meðal þess sem könnunin leiddi í ljós var að 17 bókasöfn höfðu aðgang að gagnasöfnum á geisladiskum, þ.e. 5 háskólabókasöfn, 11 sérfræðibókasöfn og 1 framhaldsskólasafn, en ekkert þeirra hafði aðganginn beint af Netinu eða innanhússnetþjóni sem nær til allra starfsmanna eða viðskiptavina safnanna. Læknisfræðisafn Landspítalans svaraði ekki könnuninni en þar hafa gagnasöfn frá Ovid, m.a. Medline, verið aðgengileg á staðarneti bæði fyrir starfsmenn Landspítalans og annarra stærstu sjúkrahúsa landsins. Greinilegt var á niðurstöðum könnunarinnar að mikill áhugi er fyrir sameiginlegum kaupum á aðgangi að gagnasöfnum því 41 bókasafn lýsti yfir áhuga á því, eða 7 háskólabókasöfn, 24 sérfræðibókasöfn, 7 almenningsbókasöfn og 3 bókasöfn framhaldsskóla.

Gagnasöfn sem áhugi var fyrir voru 46 talsins og eru, eins og gera má ráð fyrir, fjölbreytt að viðfangsefni þar sem bókasöfnin, sem tóku þátt í könnuninni, starfa á mismunandi fræðasviðum. Eftirtalin gagnasöfn voru oftast nefnd:

Nafn gagnasafns	hve oft nefnt
• CAB	9
• ABI/inform	6
• ERIC (Educational Resources Information Center)	6
• Current Contents	5
• Medline	5
• CINAHL (Cumulative Index to Nursing and Allied Health)	4
• PsychINFO	3
• Biosis	3

Ljóst er af niðurstöðum könnunarinnar að mikill áhugi er fyrir því á íslenskum bókasöfnum að geta boðið viðskiptavinum sínum aðgang að þeim gagnasöfnum sem nauðsynleg eru íslensku rannsókn- og vísindasamfélagi, til eflingar þekkingar og

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

nýsköpunar í atvinnulífi. Einnig má í þessu sambandi ítreka þá sjálfsögðu skyldu menntakerfisins að kenna nemendum í skólum landsins upplýsingalæsi og með hvaða hætti má hagnýta þekkingu mannkyns þjóðinni til heilla.

Í lok málfingsins var eftirfarandi ályktun samþykkt einróma.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnar Íslands í upplýsingamálum skorar málþing um Upplýsingar á Interneti, haldið 11. september 1997, einróma á forsætisráðuneytið að skipa starfshóp er komi með tillögu um með hvaða hætti verði hægt að tryggja Íslendingum aðgang að gagnasöfnum í gegnum Internet. Starfshópurinn ljúki störfum fyrir lok mars 1998.

Þarfir bókasafna

Eftir að nefndin tók til starfa kannaði hún hvaða gagnasöfn væru í notkun hér á landi. Enginn samningur hefur verið gerður á landsvísu um aðgang að gagnasöfnum en dæmi eru um samstarf. Heilbrigðisþjónustan er, eins og áður hefur komið fram, með samning við fyrirtækið Ovid og tengist gagnasöfnunum frá því á landsvísu um netþjón Landspítalans. Fjögur bókasöfn eru með sameiginlegan samning við fyrirtækið UMI um aðgang að gagnasafninu ABI/inform. Auk þess eru nokkur bókasöfn með aðgang að gagnasöfnum samkvæmt sérsamningum.

Nefndin stóð fyrir tveimur samráðsfundum bókavarða, bæði rannsókn- og sérfræðibókasafna og almennings- og skólabókasafna, haustið 1998 til þess að kanna þörfina enn frekar og var það hugsað sem viðbót við fyrrnefnda könnun frá árinu 1997 vegna málfingsins Upplýsingar á Interneti. Niðurstöður samráðsfundanna voru þær að þarfir eru misjafnar eftir skólastigum og fræðasviðum, en þörfin er þó mest hjá háskólabókasöfnum, sérfræði- og rannsóknabókasöfnum og fyrirtækjum.

Á fundinum kynntu fulltrúar framhaldsskólanna könnun sem þeir gerðu 1997 en samkvæmt niðurstöðum hennar vilja þeir leggja áherslu á að framhaldsskólarnir hafi:

- aðgang að íslenskum gagnasöfnum
- aðgang að ýmsum almennum gagnasöfnum, t.d. netáskrift að Britannica Online
- aðgang að gagnasöfnum í helstu kennslugreinum, t.d. á sviði umhverfismála

Ekki hafði verið gerð könnun á vegum almenningsbókasafna en fulltrúar þeirra töldu brýnt að tryggja:

- aðgang að sem flestum íslenskum gagnasöfnum
- aðgang að erlendum gagnasöfnum með fullum texta
- aðgang að gagnasöfnum sem nýtast í þágu atvinnulífsins
- aðgang að alfræðiritum

Fulltrúar grunnskólasafnanna töldu æskilegt að hafa:

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- aðgang að greinasafni Morgunblaðsins
- aðgang að Britannica Online
- aðgang að ERIC gagnasöfnunum
- aðgang að ýmsum tölfraði- og landfræðigagnasöfnum

Áhugaverð gagnasöfn

Íslensk gagnasöfn:

Samkvæmt niðurstöðu samráðsfundanna er brýnust þörf fyrir eftirfarandi innlend gagnasöfn:

Fengur

Safnkostur Borgarbókasafns og ýmissa annarra íslenskra bókasafna er skráður í Feng. Má þar m.a. telja bókasafn Landspítalans og Skólasafnsmiðstöðvar Reykjavíkur auk bókasafna allra grunnskólanna. Fengur er íslenska útgáfan af alþjóðlega bókasafnskerfinu Dobis/Libis og er í eigu SKÝRR hf.

Aðgangur að Feng er gegn gjaldi.

Gagnasafn Morgunblaðsins - <http://www.mbl.is/gagnasafn/>

Gagnasafn Morgunblaðsins þar sem hægt að leita að greinum og fréttum úr Morgunblaðinu frá árinu 1987 og til dagsins í dag. Einnig er hægt að leita að minningargreinum.

Aðgangur að gagnasafninu er gegn gjaldi.

Gegnir/Greinir - <telnet://saga.rhi.hi.is>

Libertas er tölvukerfi Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Aðildarsöfn kerfisins eru alls tíu, en allmörg söfn önnur hafa samskráðild og eru rit þeirra skráð í kerfið að hluta eða öllu leyti. Í kerfinu eru tvö aðskilin gagnasöfn, Gegnir og Greinir. Boðið er upp á telnet aðgang til leitar í gagnasöfnunum. Í Gegni eru skráðar bækur, tímarit og annað efni aðildar- og samskrársafnanna auk þess sem hann er þjóðbókaskrá Íslendinga. Í Gegni er að finna bókfræðilegar upplýsingar um rúmlega 400 þúsund rit.

Greinir vísar í efni tímarita, einkum íslenskra, eða samtals um 50 þúsund greinar sem birst hafa í rúmlega 190 íslenskum tímaritum.

Aðgangur að Gegni og Greini er ókeypis.

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Lagasafnið - <http://www.althingi.is/~wwwadm/lagas.html>

Í Lagasafninu eru öll gildandi lög sem samþykkt voru fyrir 1. janúar 1999 (útgáfa 123a). Fjölbreyttur og góður aðgangur er til leitar í Lagasafninu, m.a. eftir lagaheitum, laganúmerum auk orða- og orðstofnaleitar. Settar hafa verið inn tengingar í nýlegar reglugerðir frá menntamálaráðuneytinu.

Aðgangur að Lagasafninu er ókeypis um heimasíður Alþingis.

Skrár Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði - <http://www.isafjordur.is/bokasafn/mm.htm>

Upplýsingar um nánast allan safnkost útlánadeildar aðalsafnsins á Ísafirði eru aðgengilegar á Netinu. Í skránum eru einnig upplýsingar um safnkost Skólaskrifstofu Vestfjarða og Grunnskólans á Ísafirði (samtals um 25.000 færslur / 45.000 bindi).

Aðgangur að skránum er ókeypis.

Upplýsingaheimar - <http://www.netheimar.is/uh/>

Upplýsingaheimar er alhliða upplýsingabanki í eigu Skýrr hf. með upplýsingum um ýmsa málaflokka undir yfirskriftum eins og hið opinbera, lög og réttur, sjávarútvegur, viðskipti, ferðamál, fasteignir, ökutæki, fréttir, menning o. fl.

Aðgangur að Upplýsingaheimum er gegn gjaldi.

Úrlausn-Aðgengi ehf. - <http://www.adgengi.is/>

Úrlausn-Aðgengi ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu við þá sem starfa á sviði laga og réttar. Af vefsíðum fyrirtækisins er m.a. veittur aðgangur að gagnasöfnum á sviði laga og réttar eins og Lagasafni Íslands, Reglugerðasafni Íslands og Hæstaréttardómum, en það eru einkum þessi gagnasöfn sem bókasöfnum þykir fengur í.

Aðgangur að gagnasöfnum Úrlausnar-Aðgengis ehf. er gegn gjaldi.

Erlend gagnasöfn:

Erlendu gagnasöfnin sem mest þörf er fyrir á bókasöfnunum eru:

ABI/Inform Research

Framleiðendur	UMI Company
Tímabil:	1971-+
Uppfærsla:	Vikulega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir, allur textinn

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

ABI/Inform er gagnasafn á sviði viðskipta- og rekstrargreina og veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritsgreinum úr 1270 tímaritum og þar af eru um 500 tímarit með allan texta.

ASFA: Aquatic Sciences & Fisheries Abstracts

Framleiðendur	Cambridge Scientific Abstracts
Tímabil:	1978-
Uppfærsla:	Mánaðarlega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir

ASFA er alþjóðlegt gagnasafn á sviði hafrannsókna, vatnarannsóknna, sjávarútvegs og fiskifræði. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr bókum, skýrslum, ráðstefnuritum og greinum úr 5000 tímaritum.

Biological Abstracts, Biosis

Framleiðendur	Biological Abstracts, Inc. (BIOSIS)
Tímabil:	1969 -
Uppfærsla:	Vikulega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir

Biological Abstracts, Biosis er gagnasafn á sviði líffræði og lífeðlisfræði. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr bókum, skýrslum, ráðstefnuritum og greinum úr 6000 tímaritum.

CAB Abstracts

Framleiðendur	CAB International Publishing
Tímabil:	1973 -
Uppfærsla:	Mánaðarlega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir

CAB Abstracts er alþjóðlegt gagnasafn á sviði dýralækninga og landbúnaðar. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr 11.000 tímaritum, bókum, skýrslum og ráðstefnuritum.

CINAHL

Framleiðendur	CHINAL Information Systems
Tímabil:	1983 -
Uppfærsla:	Mánaðarlega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir

CINAHL er gagnasafn í hjúkunarfræðum og öðrum heilbrigðisgreinum eins og iðjuþjálfun, heilbrigðismenntun, bráðaþjónustu, heilbrigðistækni og félagsráðgjöf. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr 600 tímaritum á ensku, bæklingum og doktorsritgerðum.

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Computer Science Collection

Framleiðendur Cambridge Scientific Abstracts
Tímabil: 1978 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

Í Computer Science Collection eru fimm gagnasöfn á sviði tölvutækni, upplýsingatækni og skyldra greina. Gagnasöfnin veita aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritum. Gagnasöfnin fimm eru: [Computer & Information Systems Abstracts](#), [Electronics & Communications Abstracts](#), [Microcomputer Abstracts](#), [Solid State & Superconductivity Abstracts](#), [World Ceramic Abstracts](#).

Encyclopædia Britannica: EB

Framleiðendur Encyclopædia Britannica, Inc.
Uppfærsla: Ársfjórðungslega
Innihald: Greinar, myndir, orðabók, myndbönd

Encyclopedia Britannica er alfræðirit sem í eru 73.000 greinar og 8500 myndir, auk orðabókar. Einnig eru myndbönd í alfræðiritinu og tilvísanir í 30.000 valdar vefsíður á Netinu.

ERIC: Educational Research Information Center

Framleiðendur **ERIC Clearinghouse on Information & Technology**
U.S. Department of Education
Tímabil: 1966 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

ERIC er gagnasafn á sviði uppeldis- og kennslufræða fyrir öll skólastig. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr 700 tímaritum, bókum og skýrslum. Einnig eru í gagnasafninu próf, mælingar, mat og umfjöllun um menntun og skóla.

FSTA: Food Science and Technology Abstracts

Framleiðendur IFIS Publishing, U.K.
Tímabil: 1969 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

FSTA er gagnasafn á sviði næringar- og matvælafræða. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr 1.600 tímaritum, bókum, ráðstefnuritum, einkaleyfum, lögum og skýrslum.

INSPEC

Framleiðendur Institute of Electrical Engineers, U.K.
Tímabil: 1969 -
Uppfærsla: Vikulega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

INSPEC er alþjóðlegt gagnasafn á sviði tölvutækni, eðlisfræði, rafmagnsverkfræði og annarra skyldra greina. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritum.

MEDLINE

Framleiðendur U.S. National Library of Medicine
Tímabil: 1966 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

Medline er alþjóðlegt gagnasafn á sviði heilbrigðisfræða. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr 3.700 tímaritum.

NTIS: National Technical Information Service

Framleiðendur U.S. National Technical Information Service
Tímabil: 1970 -
Uppfærsla: Hálfsmánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

NTIS er gagnasafn á sviði verkfræði sem veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritum. Þar er einnig að finna skýrslur og rannsóknaniðurstöður.

PAIS: Public Affairs Information Service

Framleiðendur Public Affairs Information Service, U.S.A.
Tímabil: 1972 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

PAIS er gagnasafn á sviði viðskipta, lögfræði, fjármála, alþjóðasamskipta, stjórn mála og félagsmála. Gagnasafnið veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritum. Þar er einnig að finna skýrslur og tölfraeðiupplýsingar.

PsychINFO: Psychological Abstracts

Framleiðendur American Psychological Association
Tímabil: 1967 -
Uppfærsla: Mánaðarlega
Innihald: Tilvísanir, útdrættir

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

PsychInfo er gagnasafn á sviði sálar- og félagsfræði sem veitir aðgang að tilvísunum og útdráttum úr tímaritum. Þar er einnig bókræðilegur aðgangur að doktorsritgerðum.

Web of Science

Framleiðendur	Institute for Scientific Information, ISI
Tímabil:	1974-
Uppfærsla:	Vikulega
Innihald:	Tilvísanir, útdrættir

Í Web of Science eru þrjú alþjóðleg gagnasöfn, Science Citation Index, Social Science Index og Arts and Humanities Citation Index. Gagnasöfnin eru á öllum fræðasviðum. Sérstaða gagnasafnanna eru tilvísanir í greinar og það að fram kemur hversu oft vísað er í greinarnar.

Eftirfarandi tafla sýnir erlend gagnasöfn sem komu fram í þessum tveimur könnunum auk gagnasafna sem nefndin valdi samkvæmt ýmsum ábendingum. Gagnasöfnin eru flokkuð samkvæmt fræðigreinum og er forgangsraðað samkvæmt þörfum (1, 2, 3). Merkt er við þau gagnasöfn sem eru nú þegar í áskrift með eftirfarandi skammstöfunum:

HÍ	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
HA	Háskólinn á Akureyri
Bifr.	Samvinnuháskólinn Bifröst
VHR	Viðskiptaháskólinn í Reykjavík
Lsp	Bókasafn Landspítalans
Heilbr.	Heilbrigðissviðið

Tafla 1

Gagnasöfn – fræðasvið – forgangsröðun

Gagnagrunnar	Félagsv.	Heilbrigðisfr.	Kennslufr.	Náttúrufr.	Verkfr. / tölvufr.	Viðskiptafr./ hagfr.
ABI/Inform						HÍ /HA/Bif/Vhr 1
Aerospace					3	
Agricola				3		
API EnCompass						3
Aquatic Sciences & Fisheries (ASFA)				1		
Biological Abstracts (Biosis)		3		3		
Biological Sciences Database		1		1		
Books in Print	3	3	3	3	3	3
CAB Abstracts				1		
CancerLit		3				
Chemoreception Web		1		1		
Cinahl		Lsp /HÍ/HA 1				
Computer Science Collection					1	
Current Contents		Lsp 2	2	2	2	2
EconLit						3
EI Village					1	
Encyclopaedia Britannica (EB)	1	1	1	1	1	1
Environmental Routenet				1		
Environmental Science & Pollution Manag.				1		
ERIC				1		
Evidence-Based Medicine Review (EBMR)		Lsp 3				
Food Science and Technology (FSTA)		1		1		
Harvard Business Review Online						3
INSPEC					1	
International Pharmaceutical Abstracts		3				
Linguistics and Language behavior Ab				1		
Marquis Who's Who	3			3		
Material Science Collection with METADEX					1	
Mechanical Engineering Abstracts					1	
MEDLINE		Heilbr. 1				
MicroComputers Abstracts					1	
NTIS					3	
PAIS					3	
PsycINFO		3				
Recent Reference Database	1					
Science Citation Index	2	2	2	2	2	2
Social Science Citation Index	2	2	2	2		
Sociological Abstracts	1	1	1			
TOXLINE		1		1		
Water Resources Routenet				1		
Web Resources Database					1	

Helstu birgjar

Nefndin gerði verðkönnun og kannaði þjónustu og vöruframboð nokkurra birgja sem selja aðgang að áður nefndum gagnasöfnum. Eftirtaldir birgjar tóku þátt í verðkönnuninni. Þeir hafa sent fulltrúa sína til landsins eða fundað með nefndarmönnum í London.

OVID Technologies, Inc. - <http://www.ovid.com/>

Ovid veitir aðgang að 80 gagnasöfnum, bæði tilvísunargagnasöfnum og textasöfnum. Aðgangur er um Netið og eru leitarvélar mjög öflugar. Veittur er aðgangur að öllum textanum sem er á SGML og HTML formi. Tenging er yfir í skylt efni. Ovid hefur selt áskrift að gagnasöfnum í lækni- og sjúkrahúsum og heilsugæslustöðva um land allt í nokkur ár. Fulltrúar Ovid tilgreindu verð fyrir 11 gagnasöfn, kr. 11.139.170. Þetta er ekki verð á landsvísu heldur aðeins fyrir valda staði. Einnig tilgreindu þeir sérstakt verð fyrir einstaka staði og fyrir þau gagnasöfn sem tiltekin bókasöfn sýndu áhuga á. Gagnasöfnin voru einnig flokkuð eftir greinum.

SilverPlatter Information BV - <http://www.silverplatter.com/>

SilverPlatter veitir aðgang að 200 gagnasöfnum um Netið. Fyrirtækið er með tilvísunargagnasöfn og textasöfn. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Bókasafn Háskólans á Akureyri hafa verið áskrifendur að gagnasöfnum á geisladiskum frá SilverPlatter. Einnig voru sjúkrahúsin áskrifendur að gagnasöfnum á geisladiskum þaðan áður en þau tengdust OVID. SilverPlatter gefur kost á öflugri tengingu við allan textann hjá útgefendum tímarita með forriti sem heitir WebSPIRS. Bókasöfn, sem eru áskrifendur að gagnasöfnum frá þeim, geta því nálgast texta tímarita sem þau eru með í áskrift beint af Netinu. Fulltrúar SilverPlatter tilgreindu verð fyrir 11 gagnasöfn, kr. 14.685.300. Þetta er verð á landsvísu. Einnig tilgreindu þeir sérstakt verð fyrir Current Contents frá ISI., kr. 1.967.500 á landsvísu.

Institute for Scientific Information, ISI - <http://www.isinet.com>

ISI veitir aðgang um Netið að Web of Science sem í eru þrjú gagnasöfn, Science Citation Index, Social Science Citation Index og Arts and Humanities Citation Index. Bókasafn Landspítalans hefur haft aðgang að hluta af gagnasöfnunum um Netið og Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur verið áskrifandi að gagnasöfnunum á geisladiskum. Gagnasöfn Web of Science eru dýr, en þau eru jafnframt vinsæl og þeir sem stunda rannsóknir telja nauðsynlegt að hafa aðgang að þeim. ISI hafa boðið aðgang til tveggja ára fyrir 7.000.000 kr. á ári.

Nefndarmenn hafa fundað með aðilum frá Norðurlöndunum um hugsanlega samvinnu um samninga við ISI, en þær viðræður báru ekki árangur. Noregur hefur verið með landssamning við ISI og hefur nú endurnýjað þann samning til ársins 2001. Þar er ekki vilji fyrir samvinnu við hin Norðurlöndin. Svíar voru tilbúnir að leyfa Íslendingum að taka þátt í sínum samningi við ISI en ISI hafnaði því. Landspítalinn er búinn að semja við ISI fyrir árið 1999. Ef samningar á landsvísu takast á þessu ári eru fulltrúar ISI tilbúnir að endurgreiða Landspítalanum áskriftina þannig að upphæðin gangi inn í sameiginlegan samning.

Encyclopædia Britannica - <http://www.eb.com.uk>

Fulltrúi Encyclopædia Britannica kom til landsins í febrúar 1999 og hélt kynningu fyrir um áttatíu gesti. Gagnasafnið er öll alfræðaorðabókin ásamt tengingu við valdar vefsíður um hvert efni og tilvísun í valdar bækur. Gagnasafnið er uppfært ársfjórðungslega. Ný útgáfa er væntanleg í febrúar 1999. Aðgangur var veittur til prufu í febrúar 1999. Boðin hefur verið árs áskrift að gagnasafninu fyrir alla háskóla og framhaldsskóla landsins en almenningsbókasöfn, grunnskólar og heimili fengju jafnframt ókeypis aðgang. Áskriftinni fylgja geisladiskar fyrir þá sem ekki hafa aðgang að Netinu. Tilboðið er kr. 1.160.000. Gagnasafnið er að mati nefndarmanna glæsilegt. Annars staðar á Norðurlöndunum er mikill áhugi á að veita öllum bókasöfnum og skólum aðgang að þessum upplýsingum og sums staðar hafa þegar verið gerðir samningar.

Cambridge Scientific Abstracts, CSA - <http://www.csa.com>

CSA veitir aðgang að 26 gagnasöfnum. Hægt er að tengjast frá gagnasöfnunum yfir í texta tímarita ef viðkomandi hefur áskrift að þeim á rafrænu formi, t.d. tímaritum frá Swets, Kleuwer, Academic Press o.s.frv. Einnig væri með milligöngu CSA hægt að koma á frekara samstarfi við Academic Press varðandi rafrænan aðgang að tímaritum forlagsins vegna náinnar samvinnu þessara fyrirtækja. Finnar, Svíar, Danir og Norðmenn hafa allir þegar gert samninga við CSA. Á Íslandi hefur fyrir milligöngu nefndarinnar verið aðgangur að nokkrum gagnasöfnum CSA um Netið og hafa margir nýtt sér það. CSA vill gera landssamning sem tekur mið af fólksfjölda en hefur ekki ákveðið verð á hverja stofnun. CSA hefur gert samninga við BIBSYS í Noregi um aðgang að ERIC og Sociological Abstracts. Tilboð hefur verið gert upp á kr. 2.800.000 fyrir fimm háskóla hér á landi en þeir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskólinn, Viðskiptaháskólinn og Tækniskólinn. Í tilboðinu eru 18 gagnasöfn á flestum fræðasviðum. Nefndin valdi þessi gagnasöfn samkvæmt upplýsingum frá bókasöfnum. Boðinn var prufuáðgangur að gagnasöfnunum í febrúar 1999. Nefndin stóð í febrúar 1999 fyrir kynningu á gagnasöfnunum að beiðni CSA.

Engineering Information Village, Ei Village - <http://www.ei.org/>

Ei Village hefur gagnasöfn á sviði tækni-, tölvu- og verkfræði. Hægt er að tengjast frá gagnasöfnunum yfir í texta rafrænna tímarita ef viðkomandi hefur áskrift að þeim, t.d. frá Swets, Kleuwer, Academic Press o.s.frv. Finnar, Svíar, Danir og Norðmenn hafa þegar gert samninga við Ei Village í sameiningu og heitir það samstarf SUTL - konsortia. Íslandi hefur verið boðið að taka þátt í samstarfinu og getum við gengið inn í samning sem gerður hefur verið til þriggja ára. Áskrift til eins árs er kr. 460.000 og getum við t.d. gerst þátttakendur í ágúst 1999. Á Íslandi hefur verið prufuáðgangur fyrir bókasöfn að nokkrum gagnasöfnum frá Ei Village í mars 1999 um Netið og hafa mörg nýtt sér það. Einnig var fyrir milligöngu Ei Village boðinn prufuáðgangur um Netið að 400 tímaritum Elsevier í einn mánuð.

UMI Databases og ProQuest Databases - <http://www.umi.com>

Í boði eru mörg gagnasöfn frá UMI. ABI/Inform er gagnasafn sem Landsbókasafn Íslands- Háskólabókasafn, Háskólinn á Akureyri, Samvinnuháskólinn Bifröst, Viðskiptaháskólinn og Seðlabankinn eru með aðgang að í sameiningu. ABI/Inform er á sviði viðskiptafræði og veitir aðgang að öllum texta fjölda greina. Núgildandi áskrift er til maí 1999. Nefndinni hefur verið gert verðtilboð fyrir aðgang fyrir allt landið þar sem um er að ræða tvenns konar aðgang að ABI/Inform sem kostar mismikið. Annars vegar er aðgangur þar sem myndir fylgja ekki greinunum og kostar þá áskriftin kr. 1.900.000 og hins vegar er aðgangur þar sem myndir fylgja og kostar áskrift þá kr. 2.300.000. Seinni kosturinn er æskilegur þar sem margir hafa kvartað yfir því að fá ekki myndir með greinunum og hafa bókasöfnin þurft að panta greinar í millisafnaláni aðeins til þess að fá myndirnar.

ProQuest Databases eru gagnasöfn á mörgum sviðum og gefið er upp verð fyrir hvert fræðasvið.

ProQuest Medical Library	kr. 1.400.000
Social Sciences Plus Text	kr. 1.600.000
Education Plus Text	kr. 900.000
Applied Sciences Plus Text	kr. 900.000
General Science Plus Text	kr. 600.000

Þau fyrirtæki sem nefndin telur æskilegt að tala við seinna eru Dialog, Academic Press, Ebsco, Springer Highwire og Swets. Þessi fyrirtæki veita m.a. rafrænan aðgang að tímaritum. Nefndin hefur aðeins haft formlegt samband við tvo þessara aðila enn sem komið er. Finnar hafa gert samning við Academic Press í samvinnu við CSA. Academic Press vinnur aðeins með samstarfsbókasöfnum (consortia bókasöfnum), en ekki einstökum bókasöfnum. Eðlilegt væri að semja við þessa aðila í framhaldi af samningum sem kunna að verða gerðir við seljendur gagnasafna. Kanna þarf hvaða bókasöfn kaupa prentuð tímarit frá þessum aðilum áður en farið verður í samningaviðræður við þá.

Nefndin kannaði einnig áskriftir að íslenskum gagnasöfnum þar sem greitt er fyrir aðgang. Fyrirkomulag á greiðslu fyrir notkun er mismunandi og er verðlagning það há að bókasöfnunum reynist erfitt að nýta sér þessi gagnasöfn. Verðlagning hjá Gagnasafni Morgunblaðsins miðast t.d. við hverja tölvu en verðið er það hátt að mörg bókasöfn, t.d. skólasöfn, ráða ekki við það. Æskilegt væri að geta samið þannig við birgja að greiðsla fari verulega lækkandi með auknum fjölda notenda og væri jafnvel mismunandi eftir skólastigum. Slíkt fyrirkomulag væri mun einfaldara og tryggði betur að forsvarsmenn bókasafna gætu greitt fyrir æskilegar áskriftir að íslenskum gagnasöfnum sem nýtast til þjálfunar nemenda og kennslu í hagnýtingu gagnasafna í námi og seinna í starfi.

Upplýsingamarkaðurinn og bókasöfnin

Það er óumdeilanlegt hlutverk bókasafna landsins að safna, varðveita og miðla upplýsingum. Nú er svo komið að þau standa frammi fyrir þeim vanda að hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða það verð sem erlendir seljendur gagnasafna setja upp. Bókasöfn geta því ekki boðið viðskiptavinum sínum þá þjónustu sem sjálfsögð þykir meðal nágrannahjóða okkar. Sú aðstaða sem nú er að skapast gæti leitt til þess að íbúum landsins verði mismunandi, þ.e. að allir hafi ekki sama aðgang að upplýsingum sem þeim eru nauðsynlegar vegna náms, kennslu, rannsókna og þróunarstarfa, þar sem útilokað er að minni bókasöfn geti staðið ein undir kostnaði við áskriftir að gagnasöfnum. Vegna þess hve rannsóknasamfélagið hér á landi er lítið og þjóðin fámenn er jafnvel lægsta verð á gagnasöfnum mörgum bókasöfnum ofviða. Því verður að leita leiða til að tryggja að við njótum hagkvæmni stærðarinnar og gerum landssamninga um aðgang að gagnasöfnum.

Ef lítið er til annarra þjóða kemur í ljós að annaðhvort hafa verið gerðir samningar fyrir bókasöfnin á landsvísu eins og á Norðurlöndunum eða þau hafa stofnað til formlegs samstarfs (consortia) í því augnamiði að sameinast um kaup á aðgangi að gagnasöfnum fyrir aðildarsöfnin á sem bestum kjörum. Ástæður þessa eru ýmsar en eiga flestar rót sína að rekja til þeirra aðstæðna sem ríkja á markaði upplýsingamiðlunar og gagnasafna í heiminum. Það sem mestu skiptir er vafalítið sú staðreynd að það eru í raun fáir aðilar sem eiga gagnasöfnin sem hér um ræðir og þeir eiga sér fáa eða enga keppinauta. Þeir eru því í lykilaðstöðu gagnvart kaupendum sem verða annaðhvort að setta sig við að greiða það verð sem upp er sett eða verða af upplýsingunum ella. Annað mikilvægt atriði er að verðið, sem greiða þarf fyrir aðganginn, er ekki fast heldur ræðst af samningum við hvern og einn, þ.e. einstakar þjóðir eða samstarfsbókasöfn. Þess vegna hafa bókasöfn talið sér hag í að hafa samstarf um samningamálin sem geta orðið býsna snúin. Meginreglan er að því fleiri sem notendurnir eru því hagstæðara er verðið. Auk þess eru samningar yfirleitt aðeins gerðir til eins árs í senn og við endurnýjun þeirra þarf að fara vandlega yfir upplýsingar um notkun á einstökum gagnasöfnum svo gera megi viðeigandi breytingar, t.d. á fjölda gagnasafna og umfangi þeirra, þ.e. til hvaða tímabils þau taka og hvort verði er að fá aðgang að öllum texta þeirra heimilda sem gagnasöfnin hafa að geyma o.s.frv.

Verkefni og verkefnisstjórn

Nefndin fjallaði um hvernig best mætti standa að frekari framkvæmd eftir að störfum hennar lyki, það er samningagerð, innri markaðsfærslu og þjónustu við viðskiptavinum. Hér er ekki um einskisverkefni að ræða heldur er verkefnið viðvarandi. Annars staðar á Norðurlöndunum eru sérstakar stofnanir sem þessi mál heyra undir sbr. **Viðauka 2: Staðan á Norðurlöndunum**. Nefndin telur ekki rétt að rasa um ráð fram og leggur því ekki til að sérstök stofnun fjalli um þessi mál, a.m.k. ekki að sinni. Í stað þess leggur nefndin til að stofnað verði til tímabundins verkefnis um framkvæmdina, t.d. til 3ja ára. Að þeim tíma liðnum er lagt til að málið verði skoðað á ný í ljósi fenginnar reynslu og með hliðsjón af því hvernig aðgangsmál að gagnasöfnum eins og hér um ræðir þróast á tímabilinu. Nefndin leggur til að framkvæmdin verði í höndum verktaka og verkefnisstjórnar sem menntamálaráðherra skipar.

Í verkefninu, sem um ræðir, eru 5 áhersluatriði:

1. Almennt kynningarstarf
2. Könnun á þörfum bókasafna, stofnana og einstaklinga fyrir aðgang
3. Samningagerð
4. Innri markaðsfærsla
5. Þjónusta

Hvað varðar val á verktaka vill nefndin benda á að um ýmsa valkosti er að ræða. Verktakinn getur verið stofnun eða fyrirtæki sem hefur nauðsynlega aðstöðu og metnað til að taka verkið að sér. Ennfremur, þarf verktakinn ekki nauðsynlega að vera í höfuðborginni eða á höfuðborgarsvæðinu. Verktakinn getur verið hvar sem er á landinu þar sem áhugi, þekking og einhver reynsla er til staðar, auk góðrar fjarskiptatengingar. Nefndin hefur einkum skoðað tvo möguleika, annars vegar Reykjavík eða Akureyri. Í Reykjavík eru ýmsar stofnanir sem geta komið til greina sem verktakar. Má þar sérstaklega nefna Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, sem uppfyllir öll ofangreind skilyrði. Það gerir Háskólinn á Akureyri líka. Skólinn hefur yfir að ráða mjög góðri fjarfundaaðstöðu, sem nefndin hefur oft notað í starfi sínu. Nú má leiða líkur að því að verkefnisstjórnin verði að stórum hluta skipuð mönnum af Reykjavíkursvæðinu. Ef við bætist að verktakinn er líka af höfuðborgarsvæðinu er vægi landsbyggðarinnar í verkefninu orðið æðilítið. Með tilliti til þessa og viðhorfa í byggðamálum leggur nefndin til að athugað verði hvort unnt er að gera verktakasamning við Bókasafn Háskólans á Akureyri. Akureyri er skólabær með skólahefð. Í Háskólanum á Akureyri er þekking, áhugi og nokkur reynsla til staðar. Akureyri er vel í sveit sett með tilliti til samgangna og fjarskipta. Við háskólann er öll aðstaða góð, t.d. húsnæði og fjarfundaaðstaða eins og áður sagði.

Sigrún Magnúsdóttir, yfirbókavörður við Háskólann á Akureyri og einn nefndarmanna, hefur tekið mjög virkan þátt í starfi nefndarinnar. Með vali á Háskólanum á Akureyri sem verktaka er tryggt að allar upplýsingar, sem nefndin hefur safnað, og niðurstöður prófana, sem nefndin hefur gengist fyrir, séu til staðar og nýtist verktakanum milliliðalaust.

Að mati nefndarinnar þarf verktakinn að fá sem samsvarar tveimur nýjum stöðugildum meðan á verkefninu stendur. Hér er annars vegar um að ræða bókasafnsfræðing og hins vegar tölvufræðing. Auk þess þarf að koma til lögfræðiaðstoð við gerð samninga. Nefndin telur að slík aðstoð sé best fengin aðkeypt og a.m.k. að hluta til erlendis frá.

Nefndin leggur til að verkefnisstjórnina skipi 5 menn:

- Menntamálaráðuneytið: 1 fulltrúi án tilnefningar
- Bókavarðafélag Íslands: 2 fulltrúar
 - 1 fulltrúi frá rannsóknabókasöfnum
 - 1 fulltrúi frá almennings- og skólasöfnum

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- Samband íslenskra sveitarfélaga: 1 fulltrúi
- Rannís: 1 fulltrúi

Lagt er til að verkefnisstjórnin starfi í umboði menntamálaráðherra og beri ábyrgð á verkefninu. Lagt er til að verkefnisstjórnin undirbúi samninginn við verktaka og einn fulltrúi verktaka starfi með verkefnisstjórninni. Lagt er til að árlega skili verkefnisstjórnin skýrslu til menntamálaráðuneytisins um framgang verkefnisins á liðnu ári og helstu viðfangsefni og áhersluatriði nýs árs. Lagt er til að verkefnið verði fjármagnað að mestu af menntamálaráðuneytinu, en þó er gert ráð fyrir að bókasöfnin greiða hluta kostnaðar við aðgang að gagnasöfnum.

Starfssvið verktaka

Starfssvið verktaka er víðfeðmt og þarf að taka til samninga við seljendur aðgangs að gagnasöfnum, almenns kynningarstarfs og námskeiðahalds fyrir notendur, umsjónar með notkunar- og tölfræðiyfirlitum, umsjónar með greiðslum fyrir aðgang að gagnasöfnum, reksturs á notendaviðmóti og þjónustu við notendur bæði af tæknilegum og bókfræðilegum toga. Einnig þarf verktaki að meta gæði vöru og þjónustu sem keypt er og leggja tillögur um úrbætur fyrir stjórn verkefnisins.

Nefndin leggur til að aðgangur að gagnasöfnum verði um Netið þar sem slíkt er til staðar, að öðrum kosti verði samið um kaup á geisladiskum. Tenging við gagnasöfn verður bæði með IP tölum og lykilorðum. Gert er ráð fyrir að nota viðmót hvers og eins seljanda, að minnsta kosti til að byrja með. Á Norðurlöndunum er verið að huga að gerð notendaviðmóts vegna landssamninga þar og upp hafa komið hugmyndir um norrænt samstarf hvað þetta snertir. Telur nefndin sjálfsagt að fylgjast vel með því sem þar gerist og taka þátt í norrænu verkefni ef til þess kemur. Lagt er til að gerð verði heimasíða á íslensku með tenglum í þau gagnasöfn sem í boði verða.

Gera þarf þá kröfu til verktaka að hann geti veitt aðstoð við notendur bæði í gegnum síma og með því að tengjast þeim yfir Netið. Huga þarf vel að tæknibúnaði bókasafna og skóla. Án þess að gerð hafi verið sérstök athugun á því má gera ráð fyrir að nokkuð skorti bæði á tölvubúnað bókasafna og skóla og nægilega góða Nettengingu.

Leggja þarf mikla áherslu á að þjálfa starfsfólk bókasafna og skóla svo að því verði unnt að leiðbeina um notkun á gagnasöfnum. Þetta er afar mikilvægt því til lítils er að fjárfesta í aðgangi ef síðan skortir tæknibúnað og kunnáttu til að nota gögnin.

Samningagerð og kostnaður

Markaður fyrir rafrænar upplýsingar vex óðum. Samfara þessum vexti hafa orðið þær breytingar að framboðið hefur færst á færri hendur en áður. Minni fyrirtæki eru keypt upp eða ganga til samvinnu við stærri fyrirtæki. Þessi þróun hefur bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar og alveg sérstaklega fyrir fámennar þjóðir eins og okkur Íslendinga.

Jákvætt er að stærri einingar eru betur í stakk búna fjárhagslega til að þróa vöruna og halda henni við. Neikvæða hliðin er að með sameiningu og uppkaupum á smærri fyrirtækjum færast markaðurinn í hendur færri aðila, samkeppni minnkar og verður í sumum tilfellum engin. Samningsaðstaða kaupandans verður erfið, sérstaklega þegar um litla kaupendur er að ræða. Jafnvel þó að allt Ísland sameinist um innkaup eru kaupin samt allt of lítil til að bæta samningsaðstöðuna að einhverju ráði. Til að vera betur í stakk búin til að meta stöðuna og ráðleggja um hana gerði nefndin verðkönnun meðal seljenda gagnasafna. Verðið, sem í boði er, er yfirleitt reiknað út frá tveimur forsendum: fjölda stofnana og skóla eða landinu öllu. Íslenskar stofnanir eru litlar og skólar fámennir á heimsmælikvarða og landsmenn afar fáir á sama kvarða. Seljendur eru yfirleitt ekki tilbúnir að taka neitt tillit til stærðar stofnana, skóla eða þjóðar. Einingaverð miðast við miklu stærri einingar en hér er um að ræða.

Til að mæta þessu eru einkum tvær leiðir:

- Langdregnar samningaviðræður og oft á æðstu stöðum þar sem ekki er fyrst og fremst skírskotað til viðskiptalegra sjónarmiða heldur t.d. menningarlegs arðs, menningarsögulegs gildis o.s.frv. Slíkar viðræður geta verið afar erfiðar og leiða ekki í öllum tilfellum til sigurs.
- Slást í hóp með öðrum og gera sameiginlega samninga. Liggur þá beinast við að slást í hópinn með öðrum Norðurlöndum. Þau lönd hafa líka lent í erfiðleikum með samninga við birgja gagnasafna, sbr. **Viðauka 2: Staðan á Norðurlöndunum**. Á fundum, sem nefndarmenn hafa sótt með fulltrúum Norðurlandanna, hefur komið fram vilji til samvinnu og það af sömu ástæðum og að ofan er getið, enda þótt Noregur skeri sig þar nokkuð úr.

Það gerir samvinnu við Norðurlöndin einkar fýsilega að þörfin í öllum þessum löndum er mjög svipuð, það er verið að tala um sömu gagnasöfnin og við sömu birgjana. Ástæðan er mjög öflugt norrænt samstarf á mörgum sviðum sem endurspeglast í svipuðum þörfum og óskum um aðgang. Hér er því greinilega um samnorrænt málefni að ræða. Norrænt samstarf á sviði bókasafna hefur lengi verið við lýði. Nefna má NORDINFO, stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar til stuðnings rannsókn- og sérfræðibókasöfnum og NORDBOK-verkefnið fyrir almenningsbókasöfn, en hvorutveggja er fjármagnað af Norðurlöndunum sameiginlega. Í nýlegri úttekt á NORDINFO er sérstök áhersla lögð á hlutverk NORDINFO í sambandi við breytingarnar sem eru að verða á safnkosti rannsóknabókasafna frá því að vera prentuð gögn yfir í aðgang að rafrænum gagnasöfnum. Því eru það augljósir samnorrænir hagsmunir að rafrænn aðgangur að gagnasöfnum fyrir bókasöfn, skóla og einstaklinga sé sem greiðastur og að hann strandi ekki á því að ekki náist viðunandi samningar við birgja vegna smæðar einstakra landa. Þetta mál er mjög mikilvægt og þess eðlis að rík ástæða væri fyrir fulltrúa Íslands í norrænu samstarfi, eins og t.d. NORDINFO, að taka málið upp á þeim vettvangi og leita hófanna á æðstu stöðum um virkt samstarf Norðurlandanna um val og innkaup á aðgangi að gagnasöfnum. Eins er full ástæða til að þjóðirnar ræði hvernig staðið hefur verið að fjármögnun slíks aðgangs í löndunum. Norræna ráðherranefndin um upplýsingasamfélagið er einnig mjög ákjósanlegur vettvangur fyrir umræðu af þessu tagi

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Þar sem málið snertir öll Norðurlöndin og "NORDISK NYTTE" blasir við í þessu máli öllu.

Mikilvægt er að fram komi að hvað fjármögnum varðar skiptast Norðurlandþjóðirnar í tvo hópa. Finnar og Danir hafa valið þá leið að fjármagna aðgang að gagnasöfnum og þjónustu honum tengda sérstaklega og alfarið af hinu opinbera en Norðmenn og Svíar að nýta það fjármagn sem veitt er til bókasafna og skóla jafnframt ríkisframlagi til að opna aðgang að gagnasöfnum.

Nefndin leggur til að málið verði tekið upp í norrænu samstarfi, sem brýnt samnorrænt viðfangsefni. Jafnframt er lagt til að á sama tíma verði farið út í íslenskt tilraunaverkefni og verði það verkefni fjármagnað sérstaklega. Í tilraunaverkefninu er lagt til að leitað verði eftir norrænu samstarfi eftir því sem kostur er.

Nefndin leggur til að áskriftum að gagnasöfnum verði forgangsraðað í þrjá flokka og samið um áskriftir í þremur áföngum.

- 1. Áskriftir að gagnasöfnum sem samkvæmt þarfagreiningu nefndarinnar voru mikilvægust og ná jafnframt yfir flest fræðasvið.**
- 2. Hagstæðir samningar um dýr gagnasöfn sem nýtast þröngum hópi, t.d. í læknavísindum og raungreinum. Einnig verði samið um aðgang að rafrænum tímaritum.**
- 3. Áskriftir að gagnasöfnum sem minni þörf er fyrir.**

Heildarkostnaður við þessa þrjá áfanga gæti orðið um það bil kr. 50 millj. meðan á tilraunaverkefninu stendur. Þessi kostnaður er eingöngu vegna áskrifta að gagnasöfnum.

Kostnaður við aðgang að gagnasöfnum í fyrsta áfanga er áætlaður 10,8 milljónir króna á ári. Nefndin leggur til að við fjármögnun hans verði valin finnska/danska leiðin og kostnaður verði fjármagnaður alfarið með fjárveitingum frá hinu opinbera.

Í áfanga tvö er kostnaður við aðgang að nauðsynlegum gagnagrunnum áætlaður 7 milljónir króna á ári. Hér leggur nefndin til að látið verði reyna á norsk/sænsku leiðina og söfnin greiði fyrir aðganginn sjálf. Einnig telur nefndin rétt að kanna aðgang bókasafna að rafrænum tímaritum, en í því sambandi bendir nefndin á að áætlað er að um þessar mundir séu keyptar áskriftir að prentuðum tímaritum fyrir um 75 til 100 milljónir króna. Hér er tækifæri til hagræðingar og sparnaðar með rafrænum áskriftum sem þarf að kanna nánar.

Þriðji áfangi er framtíðarverkefni sem þarf að skoða nánar en lauslega áætlaður kostnaður við hann er um kr. 10 millj. á ári.

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Lagt er til að stofnað verði til tímabundins verkefnis um framkvæmdina, t.d. til 3ja ára, að þeim tíma liðnum verði málið endurskoðað.

Kostnaðaráætlun

Áfangi 1: Gagnasöfn sem fyrir eru ásamt viðbótum:

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fyrsta áfanga verði alfarið fjármagnaður með fjárveitingum frá hinu opinbera. Markmiðið er að gera gagnasöfnin og aðganginn að þeim sýnilegan og festa notkun þeirra í sessi. Einnig er óhjákvæmilegt að gefa verkefnisstjórninni og verktakanum fjárhagslegt bolmagn til að semja yfirleitt við birgja. Að hluta til er hér um markaðskostnað að ræða. Hér er um nauðsynlegar viðbætur við þau gagnasöfn sem fyrir eru að ræða, sbr. niðurstöður þarfagreiningar nefndarinnar.

Viðbætur:

Svið	Birgir	Millj. kr	Samningur
Alfræðaorðabók	EB	1,1	* Allt landið
Sjávarútvegsmál Tækni og tölvumál, Heilbrigðismál, Fræðslumál, Félagsmál	CSA	2,8	
Tækni og tölvumál	Ei Village	0,5	* Norrænn (tilboð til 1.9.99)
Landbúnaður Líffræði og lífeðlisfræði Matvælaíðnaður	SilverPlatter	6,4	
Samtals		10,8	

Fyrir eru:

Svið	Birgir	Millj. kr.
Heilbrigðismál	OVID	0,9
Viðskiptafræði Hagfræði	ABI/Inform	2,2
Samtals fyrir		3,1

Niðurstaðan er sú að aukafjárþörfin vegna fyrsta áfanga er um 10,8 milljónir króna á ári.

Áfangi 2: Fleiri gagnasöfn sbr. þarfagreiningu nefndarinnar:

Svið	Birgir	Millj.kr.
Öll fræðasvið	ISI	7
Samtals:		7

Áætlað er að um þessar mundir séu keyptar áskriftir tímarita fyrir um 75 til 100 milljónir króna. Í áfanga tvö þarf að kanna þetta mál nánar og leita leiða til fá aðgang að gagnagrunnum og rafrænum tímaritum í staðinn að einhverju eða öllu leyti. Þetta krefst mikillar vinnu sem nefndin taldi ekki á sínu verk sviði. Nefndin er vongóð um að árlegum kostnaði við áfanga 2, er nemur 7 milljónum á ári, megi mæta að verulegu leyti með hagræðingu sem felst í því að breyta núverandi áskriftum yfir í rafrænar. Kanna þarf nánar rafrænu tímaritin og leita leiða til fá aðgang að þeim á landsvísu.

Nefndin leggur til að meðan á tímabundna tilraunaverkefninu stendur verði lögð megináhersla á fyrsta og annan áfanga. Þriðji áfangi er framtíðarverkefni sem þarf að skoða nánar síðar. Hvað varðar nánari sundurliðun á áfanga 1, 2 og 3 er vísað til töflunnar **Birgjar og gagnasöfn** í Viðauka 1.

Vegna þess hve örar breytingar eru á þessu sviði er lagt til að stofnað verði til tímabundins verkefnis um framkvæmdina, t.d. til 3ja ára. Þessi tími verði notaður til að festa notkun rafrænna gagnasafna í sessi. Í því sambandi er aðgangur að nauðsynlegum gagnasöfnum skilyrði. Auk þess kallar verkefnið á innri markaðsfærslu hjá bókasöfnum og þjálfun og aðstoð við notendur. Tækniumhverfið er tiltölulega gott en þó má búast við að sumstaðar að minnsta kosti þurfi þar eitthvað úr að bæta. **Markmiðið með tilraunaverkefninu er að eftir þrjú ár verði aðgangur að rafrænum gagnasöfnum orðinn eðlilegur hluti af þjónustu bókasafna og notkunin sem slík viðurkennd sem mikilvægur þáttur í tölvulæsi íslensku þjóðarinnar.**

Tilraunatíminn verði einnig notaður til að finna sem bestan og hagkvæmastan farveg fyrir framhaldið. Að þeim tíma liðnum verði málið endurskoðað og því fundinn framtíðarfarvegur í ljósi fenginnar reynslu.

Að ofan hefur aðeins verið gerð grein fyrir áskriftarkostnaði. Við hann bætist kostnaður vegna verktaka og verkefnisstjórnar. Aðeins er unnt að áætla þennan kostnað því val á verktaka og samningar við hann eru alfarið eftir. Hins vegar er unnt að gera sér nokkuð góða grein fyrir kostnaðinum og nota niðurstöðuna til viðmiðunar. Tekið er mið af verðlagi á almennum markaði.

	1. ár	2. ár	3. ár	
Kostnaðarþáttur	Millj.	Millj.	Millj.	
Áskriftir				
Áfangi 1	10,8	10,8	10,8	32,4

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Áfangi 2		7,0	7,0	14,0
Áfangi 3			10,0	10,0
2 starfsmenn, aðstaða, ferðir o.fl.	12,0	12,0	12,0	36,0
Aðkeypt sérfræðiþj.	1,0	1,0	1,0	3,0
Verkefnisstjórn	1,5	1,5	1,5	4,5
	25,3	32,3	42,3	99,9

Taflan sýnir að heildarfjárförf við tímabundna tilraunaverkefnið er rúmlega 90 milljónir króna.

Lokaorð

Nefndin hefur starfað í tæpt ár og hefur á þessum tíma kannað með hvaða hætti hægt sé að tryggja Íslendingum aðgang að gagnasöfnum í gegnum Netið. Tæknin er til staðar en vandinn, sem við er að etja, er hins vegar það háa verð sem greiða þarf fyrir aðgang að þeim gagnasöfnum sem æskilegt og jafnvel nauðsynlegt er að geta boðið aðgang að. Það er ljóst að íslensk bókasöfn hafa mikinn áhuga á að geta boðið viðskiptavinum sínum aðgang að gagnasöfnum sem nauðsynleg eru íslensku rannsókn- og vísindasamfélagi, til eflingar þekkingar og nýsköpunar í atvinnulífi. Vegna þess hve rannsóknasamfélagið hér á landi er lítið og þjóðin fámenn er jafnvel lægsta verð á gagnasöfnum mörgum bókasöfnum ofviða. Því verður að leita leiða til að tryggja að við njótum hagkvæmni stærðarinnar og gerum landssamninga um aðgang að gagnasöfnum, annaðhvort ein eða í samvinnu við aðrar þjóðir.

Heimildir:

Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið (1996) Reykjavík. Ríkisstjórn Íslands.

GALILEO. [Rafræn útgáfa]. Georgia Library Learning Online, 313. 1999 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið: [GALILEO http://galileo.gsu.edu/Homepage.cgi](http://galileo.gsu.edu/Homepage.cgi)

Upplýsingar á Interneti – málþing um aðgang atvinnulífs og vísindasamfélags að upplýsingum. [Rafræn útgáfa]. Reykjavík: Félag bókavarda í rannsóknabókasöfnum, 22.3.1999 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið: <http://www.hagstofa.is/bvfi/fbr/greinar.html>

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Viðaukar

Viðauki 1: Birgjar og gagnasöfn. Fyrsti, annar og þriðji áfangi

Tafla 1. - Fyrsti áfangi

Camb. Sci. Ab. - CSA	Enc. Brit.	Ei Village	Ovid	SilverPlatter	UMI
ASFA (Aquat. Sci. Fish. Abstr.) Biological Sciences Database Chemoreception Web Computer Science Collection Environmental Routenet Environm. Sci. & Poll. Mgt ERIC Ling. and Lang. Behav. Abstr. Material Sci. Coll. /METADEX MEDLINE MicroComputers Abstr. Recent Reference Database Sociological Abstracts TOXLINE Water Resources Routenet Web Resources Database			CINAHL, 545 MEDLINE, 328	CAB, 1.448 FSTA, 2.162 BIOSIS, 2.484	ABI/Inform
Samtals þkr. 2.797	1.160	425	873	6.458	2.244

Allar upphæðir í töflunni eru í þús. kr.

Kostnaður við fyrsta áfanga er samtals kr. 14 millj., en þar af er lagt til að ríkissjóður greiði 10.8 millj.

Tafla 2. - Annar áfangi

Institute for Scientific Information – ISI
Arts and Humanities Citation Index Science Citation Index Social Science Citation Index

Kostnaður til viðbótar við annan áfanga er samtals kr. 7 millj.

Tafla 3. - Þriðji áfangi

Camb. Sci. Ab. - CSA	OVID	SilverPlatter
Aerospace, 469 Agricola, 163 API EnCompass, 149 Findex, 70 Intern. Pharmac. Ab., 210 NTIS, 337	EconLit, 3.202 Evidence Based Medicine Rev., 418 PsychINFO 1.295 INSPEC, 2.175	Marquis Who's Who, 1.049 PAIS, 291
Samtals þkr 1.398	7.090	1.340

Allar upphæðir í töflunni eru í þús. kr.

Kostnaður til viðbótar við þriðja áfanga er samtals kr. 10 millj.

Viðauki 2: Staðan á Norðurlöndunum

Norðmenn urðu fyrstir á Norðurlöndunum til að ná landssamningum við seljendur gagnasafna. Með því brutu þeir ísinn hvað þetta snertir og sýndu fram á hagkvæmni slíkra samninga fyrir hin fámennari samfélög. Löndin fjögur hafa farið mismunandi leiðir hvað snertir gerð og fjármögnun samninga, en hjá öllum fjórum eru það ríkisbókavarðaðaembættin sem hafa gert samninga við seljendur og ábyrgjast greiðslur til þeirra. Í öllum löndunum eru starfandi nefndir ríkisbókavarðaðaembættunum til ráðgjafar um hvaða gagnasöfn eigi að semja um o.s.frv. Fjármögnun þessara kaupa er með tvennu móti. Annars vegar er um að ræða fjárveitingar frá ríkinu sem greiðir fyrir aðganginn að fullu og hafa Finnar farið þá leið í sínu verkefni sem nefnist FinELib eða National Electronic Library. Hins vegar greiða þátttökusöfnin fyrir afnot að gagnasöfnunum en hið opinbera greiðir kostnað við samningagerð og framkvæmdina.

Danmörk

Menningarmála-, rannsókn- og menntamálaráðuneytin í Danmörku ákváðu að beita sér fyrir stofnun á rafrænu rannsóknabókasafni (DEF, Danmarks elektroniske forskningsbibliotek) árið 1996. Uppbygging safnsins er í höndum Biblioteksstyrelsen, en DEF hefur sína eigin stjórn (styringsgruppen) sem felur Biblioteksstyrelsen framkvæmd verkefnisins. Veitt hefur verið 200 millj. DKK næstu fimm árin til þessa verkefnis. Eitt af verkefnum DEF er að gera landssamninga um aðgang að bókfræði- og textagagnasöfnum fyrir Danmörku og að sjá um framkvæmdina. Stofnaður hefur verið verkefnishópur (NatLic-projectet) í Biblioteksstyrelsen til þess að vinna að þessu.

NatLic-verkefnishópurinn hefur heimild til að semja um þjódarleyfi við hugsanlega seljendur annars vegar og við þau bókasöfn sem nýta sér leyfin hins vegar. Hópurinn hefur tæknilega, lögfræðilega og bóksafnsfræðilega þekkingu en mun í ríkum mæli sækja viðbótarþekkingu til samstarfsafnanna, sérstaklega hvað snertir:

- mat á tilboðum
- mat á þörfum notenda
- ákvarðanir um ramma fyrir reksturinn
- skilgreiningar á notendahópum
- kröfur varðandi seljendur og vörur

Samstarfsaðilar

Tólf stærstu rannsóknabókasöfnin í Danmörku, þ.e. þau sem vinna saman í FC-kollegiet, hafa tilnefnt "leyfishóp". Þessi hópur er þungamiðja væntanlegra notenda DEF og því mjög mikilsverður samstarfsaðili. Unnið er að því að ganga frá formlegu samstarfi. Önnur rannsóknabókasöfn hafa einnig myndað samstarfsvettvang, DSC, sem einnig er mikilsverður samstarfsaðili og mun NatLic-hópurinn vinna að ramma fyrir samstarfið.

Á sviði almenningsbókasafna eru miðsöfnin á sama hátt mikilsverður samstarfsaðili enda hefur DEF það markmið að veita notendum þeirra, þ.e. hinum almenna borgara,

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

þjónustu. Einkum er horft til þarfa þeirra mörgu sem leita sér endurmenntunar og símenntunar á hvaða sviði sem er og eru notendur almenningsbókasafna nú þegar. NatLic-hópurinn mun hafa samband við samstarfshóp yfirmanna miðsafnanna og koma á formlegu samstarfi.

Hvað snertir seljendur eru mikilsverðustu samstarfsaðilar:

- seljendur upplýsinga
- umboðsmenn upplýsingaseljenda og kynnar
- þjónustuaðilar

Verkefni

Helstu verkefni NatLic-hópsins eru:

- að skilgreina helstu kröfur og forsendur
- að undirbúa og gera leyfissamninga
- að gera ramma fyrir samninga um þjóðarleyfi og samstarfsleyfi
- að fylgjast með framkvæmd samninga og meta þá

Helstu kröfur og forsendur

Gera verður ýmsar almennar kröfur til þeirra upplýsinga sem seljendur veita, m.a. um:

- stafræna varðveislu (digital arkivering) sem tryggir framtíðar aðgengi að þeim upplýsingum sem leyfið nær yfir
- notkunarreglur og þar með taldar reglur fyrir millisafnalán
- tölfræðiupplýsingar um raunnotkun, þar með talið notkunarmunstur á þeim upplýsingum sem í boði eru
- notendaviðmót og skráningu notenda
- samkeyrslumöguleika á núverandi kerfum og upplýsingum um ritaforða einstakra safna

Taka skal fram að þessar kröfur þarf stöðugt að endurskoða með tilliti til þess sem hægt er að ná í samningum við seljendur.

Undirbúningur og gerð leyfissamninga

Í undirbúningi að samningsgerð felst:

- að skilgreina hvað er til boða og af hvaða gæðum
- að skilgreina þarfir og gæðakröfur bókasafnanna
- að ákveða umfang tilboða og umfang aðgangs notenda
- að ákveða viðbótartilboð sem standa til boða og einstök bókasöfn gætu nýtt sér sem valmöguleika
- að ákveða verð, auk ramma fyrir útreikninga og verðleiðréttingar
- að ákveða fjármögnun og þar með greiðslur einstakra safna

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- að ákveða önnur skilyrði, s.s. tengsl á milli samningsins og kaupa á prentaðri útgáfu upplýsinganna, reglur um millisafnalán, ljósritun, höfundarréttarmál o.þ.h.
- að ákveða notendaviðmót, á hvern hátt það skuli rekið og af hverjum

Samhliða samningagerð við upplýsingaseljendur þarf að gera samninga við þjónustufyrirtæki, líka þau bókasöfn sem munu veita öðrum söfnum þjónustu. Hvaða þjónustu er um að ræða er breytilegt frá samningi til samnings en hún getur snert:

- umsjón með notkun og tölfraeðiyfirlit
- umsjón með greiðslum
- rekstur, þar með talið notendaviðmót
- bráðþjónustu (hot-line), bæði tæknilega og bókasafnsfræðilega
- bráðþjónustu (hot-line) gagnvart upplýsinganotendum

Einnig þarf í tengslum við hvern samning að skipuleggja:

- kynningu meðal mögulegra þátttökusafna
- kynningu meðal notenda
- námskeið
- mat á notkun
- mat á vöru og þjónustu

Þetta þarf að gera fyrir hvert og eitt gagnasafn en í sumum tilfellum er skynsamlegra að undirbúa "hópmat", þ.e. að hluta upplýsinganna megi nota við mat á fleiri samningum.

Fyrirmynd að samningum vegna þjóðarleyfa og samtakasamninga

Í tengslum við undirbúning að landssamningagerð þarf að hanna samningaramma sem hvert og eitt bókasafn getur nýtt sér við eigin samningagerð og við gerð samstarfssamninga, en þeir minna um margt á gerð landssamninga. Tilgangurinn er að auðvelda einstökum söfnum að taka þátt í slíku samstarfi.

Vinnan við þessa samningaramma mun taka mið af alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði (t.d. International Consortium of Consortia). Ennfremur hefur verið visst norrænt samstarf í gangi.

Samningsumsjón og mat

Vinnuhópurinn mun í nánu samstarfi við bókasöfnin fylgjast með framkvæmd samninga, þar með talið notkun á bráðþjónustunni. Niðurstöðurnar verða síðan nýttar við framlengingu á samningum, í samræmi við kröfur um aukna eða minni þjónustu.

Tilhögun

Hægt er að skipta samningaferlinu í eftirfarandi þætti:

- almenna athugun á því hvað er í boði
- undirbúningskannanir
- undirbúning samninga

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- ákvarðanir og undirritun
- uppsetningu
- gæslu og mat

Þetta eru meginatriði þannig að tryggt verði:

- að réttar upplýsingaveitur séu valdar og að í því vali sé leitast við að nýta sérþekkingu bókasafnsfræðinga kerfisbundið
- að ytri umgjörð rekstrarins sé til taks, stjórnunarlega, tæknilega og fjárhagslega
- að litið sé á DEF sem alvöru kaupanda
- að þeir samningar sem gerðir eru gefi hámarksnot hvað snertir innihald, verð og aðgengi
- að fjárhagslegur og ákvörðunarlegur grunnur sé tryggur áður en samningar eru gerðir.

Tilhöguninni er hægt að breyta hvað snertir einstaka samninga, sem krefjast undantekningar. Til að ná þeim markmiðum sem hér er lýst mun Biblioteksstyrelsen aðeins í brýnum undantekningartilfellum hvika frá uppsettum reglum.

(Heimildir: <http://www.kum.dk/publ/def/sammenfatning/>, <http://www.bs.dk/>)

Finnland

Rafræna þjóðbókasafnið í Finnlandi, **FinELib**, er verkefni sem menntamálaráðuneytið hóf í nóvember 1997. Markmiðið er að bæta stöðu rannsókna og mennta í Finnlandi. Hluti verkefnisins snýst um að varðveita rafræn gögn, ásamt því að auðvelda leitir á Netinu og bjóða aðgang að upplýsingum af ólíkum toga. Verkefninu er stjórnað af stjórnunarhópi sem hefur falið Háskólabókasafninu í Helsinki undirbúning að uppfærslu safnsins og CSC (Center for Scientific Computing) að annast þætti sem snerta samskiptakerfi.

Verkefni stjórnunarhóps

Verkefni stjórnunarhópsins eru:

- ákvarðanataka um þróun FinELib
- að ákveða umfang og hvaða efnisflokkar verða í FinELib og samræma útvegum þess efnis
- að leggja fram tillögur um önnur þróunarverkefni sem tengjast FinELib
- að leggja fram tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárförf svo FinELib geti orðið að veruleika.

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Fjárveitingar:

- 1997 0,550 millj. FIM
- 1998 8,5 millj. FIM
- 1999 20 millj. FIM

Starfsemin 1998 fólst í að:

- gera skipurit FinELib
- hefja útvegum og nýtingu á rafrænu efni
- bæta leitarmöguleika á Netinu
- gera kröfulýsingu fyrir notendaviðmót
- annast fjárveitingar
- annast kynningarstarf
- koma á samstarfi innanlands og utan
- meta og fylgja eftir ákvörðunum

Framboð rafræns efnis var aukið með:

- útvegum rafræns efnis með landssamningum og aðgangi að endurgjaldlausu efni
- hvatningu til rafrænnar útgáfu
- langtíma geymslu á ókeypis eintökum
- því að koma finnsku efni á stafrænt form

Útvegum á efni - vinnuhópar

Stefnumótun fyrir efnisval var í höndum stjórnunarhópsins og fólst í að:

- ákvarða efnisvið og afmarka þarfir
- leggja línur fyrir innkaupastefnu á rafrænu efni
- búa til fjárhagslíkan fyrir fjármögnun innkaupanna
- skilgreina skiptingu á milli efnis af almennum toga spunnið, þverfaglegs efnis og svo einfaglegs

Val á efni eftir fagsviðum er í höndum fagsérfræðinga og þeir leituðu **eftir alþjóðlegu efni í formi:**

- lykla
- texta
- orðabóka
- bókfræðilegra gagnagrunna
- samskráa

Einnig var leitað eftir innlendu efni svo sem:

- þjóðlegum gagnasöfnum

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- skrár bókasafna
- skrár skjalasafna
- skrár minjasafna
- lögum og heimildum um opinberan rétt
- einkaleyfum og stöðlum
- efnisorðaskrár og flokkunarkerfum
- tölfraði
- rannsóknaskrár
- uppfléttiritum og orðabókum

Nú þegar hafa verið gerðir margir landssamningar um aðgang að gagnasöfnum og áskriftir að tímaritum fyrir Finnland.

(Heimildir: <http://hul.helsinki.fi/finelib/svenska/index.html>)

Noregur

Noregur varð fyrstur Norðurlandanna til að gera landssamning um aðgang að gagnasöfnum og hefur það starf verið í höndum Riksbibliotektjenesten. Riksbibliotektjenesten er skrifstofa sem heyrir undir kirkju-, menntamála- og rannsóknaráðuneyti Noregs og hefur yfirumsjón með fag- og rannsóknabókasafnagerðum.

Stjórnvöld í Noregi hafa þá sýn að Noregur skuli vera meðal leiðandi landa í heiminum hvað snertir aðgengi og notkun á alþjóðlegum og þjóðlegum upplýsingalindum. Til að svo megi verða er hafa þau sett það meginmarkmið að fræðimenn, starfsmenn menntastofnana, heilbrigðisstofnana, stjórnsýslu og atvinnulífs eigi auðveldan aðgang að gögnum og fræðilegum upplýsingum. Neðangreind atriði eru talin stuðla að framgangi þessa markmiðs:

- góð stjórn upplýsingastefnu hjá fagbókasöfnum og í fræðilegri upplýsingameðhöndlun, þar með talda leiðbeiningar og ábendingar um samstarf
- beinar aðgerðir til að stuðla að þátttöku fagbókasafna í þróun sinna stofnana
- aðstoð við þróun rafræns rannsóknabókasafns
- aukin fagþekking og endurmenntun innan fagbókasafna
- kynning á þróun innan fræðilegrar upplýsingastarfsemi
- miðstöð samstarfs til að ná aðalmarkmiðum
- árangursstýrð og virk innri starfsemi

Noregur hefur gert sameiginlega samninga við nokkra seljendur og verið er að vinna að fleirum. Riksbibliotektjenesten gerir samningana fyrir Noregs hönd og gerir síðan samning við þau söfn sem vilja nýta sér þá og ákveður verðið til þeirra. Engar eynamerktar fjárveitingar eru til þessa en starfsmenn Riksbibliotektjenesten sjá um samningsgerð og aðra framkvæmd.

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Vinnuhópur, sem falið var að skilgreina hvernig best sé að haga þessu starfi, skilaði tillögum sínum í janúar 1999. Þar er megináhersla lögð á textaaðgengi og áskriftir að rafrænum tímaritum.

(Heimildir: <http://info.rbt.no/>)

Svíþjóð

Sameiginlegur aðgangur sænskra safna að rafrænum gögnum er á verkssviði BIBSAM en það er sjálfstæð skrifstofa í tengslum við Konunglega bókasafnið í Stokkhólmi. Starfsmenn eru nú og fjárveiting ársins 1998 nálægt 25 millj. SEK. Meginhlutverk BIBSAM er að samræma og þróa upplýsingaflæðið til menntunar á efri skólastigi, það er á háskólastigi og til rannsókna og þróunarvinnu. Þetta gerir BIBSAM einkum með því að:

- hámarka notkun á upplýsingaefni í eigu sænskra rannsóknabókasafna
- sjá til þess að áfram verði opinn og frjálss aðgangur að upplýsingum og að aðgengi verði þróað enn frekar þar sem það er grunnur Lýðræðisþjóðfélags
- sjá um og þróa net ábyrgðarsafna fyrir einstök efnissvið
- styðja ýmsa þróunarstarfsemi innan safnagerans
- veita fjárhagsaðstoð til þróunarverkefna
- styrkja millisafnalán, m.a. fjárhagslega
- gera **landssamninga** um notkun háskóla á gagnabönkum
- skipuleggja endurmenntun, námskeið og ráðstefnur
- birta tölfraði og útskýra frekar starfsemi bókasafna
- styðja vinnu við gerð staðla
- fylgjast með og gefa umsagnir um lagafrumvörp sem snerta safnastarfsemi í víðasta skilningi
- hvetja til samvinnu á milli rannsóknabókasafna og annarra stofnana, s.s. almenningabókasafna, skjalasafna og minjasafna
- styðja alþjóðlegt samstarf bókasafna

Vinnan við val gagnasafna og framkvæmd landssamninga

Ástæðan fyrir því að sænsk bókasöfn völdu sameiginlegan aðgang að gagnasöfnum var sú sama og annars staðar. Verð á tímaritum og gagnasöfnum varð stöðugt hærra og eins og í Noregi, á Bretlandi og í Ástralíu eygðu menn von um betri nýtingu á fjármunum með sameiginlegum samningum. BIBSAM vinnur með vinnuhópi frá bókasöfnunum og notar líka rafrænan póstlista til að fá hugmyndir og kanna þarfir safnanna. Hjá BIBSAM starfa fjórir sérfræðingar að þessu verkefni, þar á meðal lögfræðingur.

Kröfur sem gerðar eru til þessara samninga snúast m.a. um:

- staðbundin leyfi
- að aðgengi sé stýrt með IP-tölum eða lénstölum (domain numbers)
- ákveðið árgjald
- vefviðmót
- aðgengi fyrir sérfræðinga, nemendur og almenning

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

- að skilyrðum ICOLC (International Coalition of Library Consortia) sé fullnægt

BIBSAM hefur gert nokkra landssamninga fyrir Svíþjóð um aðgang að gagnasöfnum og ábyrgist þá gagnvart seljendum en gerir síðan samninga við þau söfn sem nýta sér landssamningana og þau greiða sinn hlut til BIBSAM. Þetta gildir bæði um aðgang að bókfræðigrunnum og textagrunnum. Vinnan hófst með samningagerð fyrir rannsóknabókasöfnin en nú eru einnig á döfnni samningar fyrir almenningabókasöfnin og þar með alla íbúa Svíþjóðar, s.s samningur við Britannica Online.

Fjárveiting til þessa frá BIBSAM árið 1998 var u.þ.b. 6,4 millj. SEK og áætlaðar 3 millj. SEK árið 1999. Verið er að leita leiða til að fá sameiginlegt fjármagn til þessa bæði hjá sjóðum, einkafyrirtækjum og menntamálaráðuneyti.

(Heimildir: <http://www.kb.se/bibsam/bibsam.htm>)

Um aðgang bókasafna, stofnana og einstaklinga að erlendum og innlendum gagnasöfnum

Heimildir viðauka:

BIBSAM. [Rafræn útgáfa]. BIBSAM ,13.4.1999 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið: <http://www.kb.se/bibsam/bibsam.htm>

Danmarks elektroniske forskningsbibliotek - sammenfatning. [Rafræn útgáfa]. Danmarks elektroniske forskningsbibliotek - sammenfatning, 10.07.1997 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið: <http://www.kum.dk/publ/def/sammenfatning/>,
<http://www.bs.dk/>

FinElib. [Rafræn útgáfa].FinElib. Det nationella elektroniska biblioteket, 18.8.1998 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið:
<http://hul.helsinki.fi/finelib/svenska/index.html>

RBT-Riksbibliotektjenesten. [Rafræn útgáfa]. RBT-Riksbibliotektjenesten, 3.3.1999 [skoðað 14.4.1999]. Aðgangur um Internetið: <http://info.rbt.no/>